Hafnarfjarðarhöfn

Umhverfisuppgjör

2020

Hafnarfjarðarhöfn
Óseyrarbraut 4 220 Hafnarfjörður
Kt. 5901695529

Yfirlit

Skýrsla og áritun Hafnarstjóra 3
Áritun Klappir 4
Umfang og skipulagsmörk 5
Lykilþættir 6
Umhverfisuppgjör 7
Aðferðafræði og skýringar 10
Athugasemdir 11

Skýrsla og áritun Hafnarstjóra

Umhverfisuppgjör Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2020 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningar sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Hafnarfjarðarhöfn notar stafræna tækni til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast umhverfismálum.

Hafnarstjóri staðfestir hér með umhverfisuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 31. desember 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. júlí 2021

Lúðvík Geirsson
Hafnarstjóri, Hafnarfjarðarhöfn

Áritun Klappir

Áritunaraðili: Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson

Verkefnastjóri: Selja Ósk Snorradóttir

Við höfum aðstoðað við gerð umhverfisuppgjörs Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2020. Uppgjörið byggir á þeim upplýsingum sem umhverfishugbúnaður félagsins, Klappir, hefur safnað saman yfir árið.

Umhverfisuppgjörið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti Hafnarfjarðarhafnar. Við höfum skipulagt og hagað okkar vinnu í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq frá 2019 og meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar (Relevance, Accuracy, Completeness, Consistency, Transparency).

Klappir safnar gögnum eins örugglega frá upprunastað gagna og núverandi tækni leyfir. Losun gróðurhúsalofttegunda er reiknuð í tCO_2í og birt í umhverfisuppgjöri þessu.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn Hafnarfjarðarhafnar og birgja þess sem birt eru í umhverfisuppgjöri þessu fyrir tímabilið 1. janúar - 31. desember 2020 hafa verið yfirfarin og metin eftir bestu vitund. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingaákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

Reykjavík, 29. júlí 2021

Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson
Forstjóri, Klappir hf.

Umfang og skipulagsmörk

Um Hafnarfjarðarhöfn
Hafnarfjarðarhöfn er samkvæmt heimildum ein elsta höfn landsins. Hafnarfjarðar er meðal annars getið í landnámu sem góðrar hafnar og skipalægis frá náttúrunnar hendi.

Skipulagsmörk (e. Organizational Boundaries)
Við gerð losunaruppgjörs Hafnarfjarðarhafnar hefur „Operational Control" aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

Rekstrarmörk (e. Operational Boundaries)
Innan rekstrarmarka Hafnarfjarðarhafnar er losun í Umfangi 1 og Umfangi 2 fyrir eldsneyti á bíla, vélar og hafnsögubáta, rafmagn og heitt vatn fyrir byggingar- og hafnarsvæði. Þeir þættir, sem taldir eru fram í umfangi 3 í uppgjöri Hafnarfjarðarhafnar eru: úrgangur sem fellur til vegna starfsemi hafnarinnar og rafmagn sem selt er á skip.

Viðmiðunarár
Viðmiðunarár Hafnarfjarðarhafnar er 2020.

Lykilþættir

Kolefnisuppgjör (E1): Losun Hafnarfjarðarhafnar nam 71,3 tonnum koltvísýringsígilda. Losun í umfangi 1 og 2 nam samtals 27,1 tCO_2í.

Orkunotkun (E3): Heildarorkunotkun Hafnarfjarðarhafnar nam 735.656 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 652.523 kWh.

Vatnsnotkun (E6): Heildarnotkun Hafnarfjarðarhafnar á heitu vatni nam 4.450 m^3.

Kolefnisjöfnun: Hafnarfjarðarhöfn hefur kolefnisjafnað rekstur sinn að fullu með fjárfestingu í gróðursetningu á vegum Kolviðs.

Rekstrarþættir

Rekstrarbreytur	Eining	2020
Heildartekjur	m. ISK	683,01
Eignir alls	m. ISK	3.575,7
Eigið fé alls	m. ISK	3.064,7
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	13,0
Skipakomur	fjöldi	364,0

Árangursmælikvarði félags	Eining	2020
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO_2í/stöðug	5.481,5
Losunarkræfni tekna	kgCO2í/milljón	104,33
Losunarkræfni skipakoma	kgCO_2í/fjöldi	195,8

Umhverfisuppgjör

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2020
Umfang 1	$tCO_2í$	21,0
Umfang 2 (landsnetið) [1]	$tCO_2í$	6,1
Umfang 3	$tCO_2í$	44,1
Þar af áframselt rafmagn á skip	$tCO_2í$	21,9
Kolefnisspor án mótvægisaðgerða	$tCO_2í$	71,3
Samtals mótvægisaðgerðir	$tCO_2í$	71,3
Kolefnisspor með mótvægisaðgerðum	$tCO_2í$	0,0

E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	Eining	2020
Losunarkræfni orku	$kgCO_2í/MWst$	96,9
Losunarkræfni starfsmanna	$tCO_2í$/stöðugil	5,48
Losunarkræfni tekna	kgCO2í/milljón	104,33
Losunarkræfni eiginfjár	kgCO2í/milljón	23,25

E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkunotkun	Eining	2020
Heildarorkunotkun	kWst	735.656
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	83.133
Þar af orka frá rafmagni	kWst	394.435
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	258.088
Bein orkunotkun	kWst	83.133
Óbein orkunotkun	kWst	652.523

E3|UNGC: P7, P8|GRI 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Orkukræfni	Eining	2020
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugild	56.589
Orkukræfni veltu	kWst/milljón	1.077,1

E4|UNGC: P7, P8|GRI 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Samsetning orku	Eining	2020
Jarðefnaeldsneyti	%	11,3%
Kjarnorka	%	0,0%
Endurnýjanleg orka	%	88,7%

E5|GRI 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

Vatnsnotkun	Eining	2020
Samtals vatnsnotkun	m^3	4.450
Heitt vatn	m^3	4.450 [2]

E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Umhverfisstarfsemi	Eining	2020
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Já [3]
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já [4]
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei

E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

Loftslagseftirlit / stjórn	Eining	2020
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei

E8|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure A)

Loftslagseftirlit / stjórnendur	Eining	2020
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei

E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure B)

Mildun loftslagsáhættu	Eining	2020
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	m. ISK	30,00

E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A)

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2020
Samtals úrgangur	kg	145.934
Þar af flokkaður úrgangur	kg	109.444
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	36.490,0
Endurunnið / endurheimt	kg	50.988,0
Urðun / förgun	kg	94.946,0
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	75,0%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	34,9%

Úrgangskræfni	Eining	2020
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	11.225,7
Úrgangskræfni veltu	kg/milljón ISK	213,7

Ferðir starfsmanna til og frá vinnu	Eining	2020
Endurgreiðir fyrirtækið vistvænan ferðamáta starfsmanna?	já/nei	Já

Áframselt rafmagn	Eining	2020
Rafmagn áframselt á skip	$tCO_2í$	21,9

Helstu orkugjafar	Eining	2020
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	8.234,1
Bensín	lítrar	15,7
Dísilolía	lítrar	8.218,5
Samtals eldsneytisnotkun í kg	kg	6.997,4
Bensín	kg	11,7
Dísilolía	kg	6.985,7

Mótvægisaðgerðir	Eining	2020
Samtals mótvægisaðgerðir	$tCO_2í$	71,3
Mótvægisaðgerðir með skógrækt	$tCO_2í$	71,3
Mótvægisaðgerðir með endurheimt votlendis	$tCO_2í$	0,0
Aðrar mótvægisaðgerðir	$tCO_2í$	0,0

Kolefnisgjöld	Eining	2020
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/lítra	11,45
Kolefnisgjald, bensín	ISK/lítra	10,00
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	14,10
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	ISK/kg	12,55
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	94.257,9

Aðferðafræði og skýringar

Við útreikninga á umhverfisuppgjöri Hafnarfjarðarhafnar er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol" sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri. Hafnarfjarðarhöfn hefur lagt áherslu á að loftslagsverkefnið sé unnið innan ramma þeirra innlendu og alþjóðlegu laga og reglugerða sem snúa að umhverfismálum.

1. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)
The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun.

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfelli Hafnarfjarðarhafnar afmarkast umfang 1 við eldsneyti á bíla, vélar og hafnsögubáta
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Hafnarfjarðarhafna Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna úrgangur sem fellur til vegna starfsemi hafnarinnar og rafmagn sem selt er á skip

Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda ($tCO_2í$). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlýnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað við hundrað ára tímabil. Til að mynda jafngildir metan (CH_4) u.þ.b. 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N_2O) u.þ.b. 298 koltvísýringsígildum.

2. Nettó kolefnislosun
Nettó kolefnislosun starfsemi sýnir nettó losun fyrirtækis með teknu tilliti til aðgerða til kolefnisjöfnunar.

3. Losunarkræfni (E2)
Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem $tCO_2í$ á einingu (svo sem $tCO_2í$ á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

4. Bein og óbein orkunotkun (E3)
Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílówattstundum (kWst).

5. Orkukræfni (E4)
Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

Athugasemdir

[1] Útreikningar á losun vegna rafmagnsnotkunar byggjast á meðallosun frá framleiðslu rafmagns á Íslandi, sem birt er í Landsskýrslu um losun gróðurhúsalofttegunda (Icelandic National Inventory Report) og er gefin út af Umhverfisstofnun.

[2] Heitavatnsnotkun einstakra eigna er áætluð miðað við gögn frá fyrri tímabilum þar sem gögn voru ekki tiltæk fram til loka tímabils. Áætlun á heitu vatni nam 24%.

[3] Hafnarstjórn hefur samþykkt sérstaka umhverfisstefnu ásamt aðgerðaráætlun þar sem tekið er á öllum lykilþáttum er lúta að umhverfi og umhirðu á hafnarsvæðinu. Umhverfisstefnu Hafnarfjarðarhafnar má finna hér: https://www.hafnarfjardarhofn.is/static/files/Skjol/umhverfisstefna-og-adgerdaraaetlun-samthykkt-i-hfstj.-13.-des-2019.pdf

[4] Sem hluti af umhverfisstefnu: https://www.hafnarfjardarhofn.is/static/files/Skjol/umhverfisstefna-og-adgerdaraaetlun-samthykkt-i-hfstj.-13.-des-2019.pdf